


## 9. FJÖLMIÐLAR OG NETIÐ

*Evrópuráðið mælir með ... samfelldri áætlun um upplýsingalæsi og þjálfun sem er börnum og kennurum þeirra hvatning til að nýta sér sem best upplýsinga- og samskiptatækni og þjónustu ...*

*Evrópuráðið, tilmæli ráðherraráðsins nr. (2006) 12<sup>1</sup>*



Fjölmiðlar eru orðnir svo mikilvægur þáttur í nútímasamfélagi að þeir eru stundum kallaðir „fjórða valdið“ samsvarandi hinum þremur hefðbundnu áhrifaöflum lýðræðisríkisins: löggjafarvaldinu, framkvæmdavaldinu og dómvaldinu. Sumir nefna blogg færslur á netinu sem fimmta valdið þar sem þær veita hinum hefðbundnu miðlum stöðugt meiri samkeppni, þar er fjallað um málefni líðandi stundar og fylgst grannt með hlutunum. Þó að þetta aukna vald fjölmiðlanna geti orðið til þess að fleiri fylgist með og aðgengi að upplýsingum aukist fylgir þeim einnig ákveðin hættu, einkum varðandi börn. Hin háþróaða tæknikunnátta sem gerir börnum kleift að fá aðgang að hvers kyns upplýsingum kann jafnframt að gera þau berskjölduð gagnvart ýmsum áhættuþáttum á netinu.

Í 19. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar er kveðið á um að allir skulu frjálssir skoðana sinna og að því að láta þær í ljós, þar með að taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal. Í 13. grein Barnasáttmálans eru þessi réttindi áskilin börnum. Í öðrum alþjóðasamningum og flestum stjórnarskrám eru þessi réttindi útfærð nánar og kveðið á um frelsi fjölmiðla, jafnframt því sem fjölmiðlum eru sett tiltekin takmörk til að réttar fólks til friðhelgi einkalífs og verndar mannorðs sé gætt. Tvær aðrar greinar Barnasáttmálans kveða á um rétt barna til að taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum (13. grein) og til að fá öruggar og skiljanlegar upplýsingar frá fjölmiðlum (17. grein). Með þeim er sú ábyrgð lögð á herðar fjölmiðlum að upplýsingar sem ætlaðar eru börnum séu skýrar og viðeigandi.

---

**SPURNINGAR:** *Hvernig/hvaða áhrif hafa fjölmiðlar á börnin sem þú vinnur með? Hvaða áhrif eru jákvæð?  
Og hvaða áhrif eru neikvæð?*

---

Fjölmiðlar og upplýsinga- og samskiptatækni gegna stóru hlutverki í lífi barna nú á dögum. Börn horfa á sjónvarp margar klukkustundir á dag en þau eyða jafnvel mun meiri tíma á netinu við að gera ýmislegt



sem þau læra umsvifalaust af félögum sínum. Börnin leika sér á netinu, spjalla, blogga, hlusta á tónlist, setja inn myndir af sér og leita sér að félagsskap. Þar sem mikill munur er á tölvunotkun barna og fullorðinna hafa hinir síðarnefndu litla hugmynd um hvað börnin eru að gera á netinu eða hvernig þau gera það. Þessi sýndarheimur getur bæði opnað börnum möguleika og verið þeim varasamur. Notkun rafrænna og stafrænna miðla og netmiðla hefur ýmis jákvæð áhrif á þroska barna: þeir eru skemmtilegir, fræðandi og samskiptahvetjandi. En þeir geta líka valdið skaða meðal barna og annarra samfélagshópa ef ekki er rétt staðið að málum. Þessi sýndarheimur getur mótað lífssýn barna á jafn afgerandi hátt og raunveruleikinn, þar gildir sama krafan um að vera einn af hópnum, vera töff og vinamargur.

Of mikil notkun fjölmiðla, einkum sjónvarpsgláp, hefur slæm áhrif og hefur valdið bæði foreldrum og kennurum áhyggjum, og verið viðfangsefni í ýmsum rannsóknum:

- **Tími sem fer í að horfa á sjónvarp:** Ljóst er að börn sem eyða miklum tíma fyrir framan sjónvarpið sýna slakari árangur í skóla en börn sem alast upp á heimilum þar sem notkun rafrænna miðla og prentmiðla er minni; þau börn virðast standa sig betur.<sup>2</sup>
- **Ofbeldi:** Hvernig áhrif hefur ofbeldistengt efni á börn, hvort sem það er í sjónvarpi, bíómyndum eða tölvuleikjum? Verða þau árásargjarnari en ella? Tillitslausari? Fá þau útrás fyrir tilfinningar sínar? Verða öll börn fyrir þessum áhrifum eða aðeins þau sem eru viðkvæm fyrir og aðeins við tiltekna aðstæður?
- **Neysluhyggja:** Auglýsingamennsku hefur verið kennt um að hafa þau stýrandi áhrif á börn, og þar með á foreldra þeirra, að keyptar séu tiltekna matvörur (sem oft tengjast offitufaraldri meðal barna), fatnaður, bílar, ferðalög og jafnvel hreinlætisvörur fyrir heimilið.
- **Staðalmyndir:** Fjölmiðlum hefur verið kennt um að viðhalda staðalmyndum, einkum um kynhlutverk og þjóðerniseinkenni.

Til að bregðast við slíku hafa auglýsingar verið bannaðar í sumum löndum þegar barnaefni er til sýningar. Í sumum löndum hefur verið bannað að sýna ofbeldis- eða klámmyndir fyrir tiltekinn tíma. Og sums staðar geta foreldrar keypt síur til að koma í veg fyrir að börnin horfi á tiltekna útsendingar. En með þeirri nýju tækni sem fylgir farsímum, fjölmörgum sjónvarpsrásum og netinu eru þessar fyrirbyggjandi aðferðir gagnslaugar.

Gagnvirkir miðlar, svo sem netið og snjallsímarnir, skapa börnum enn meiri hættu: börnin geta gefið upp persónulegar upplýsingar sem óprúttir auglýsendur og misindismenn á netinu nýta sér. Krakkar nota stundum eftirlitslausa samskiptamiðla til að senda öðrum krökkum ljót skilaboð og niðrandi myndefni. Það er auðvelt að leggja aðra einelti í netheiminum og sérstaklega skaðlegt vegna þess að netmisnotkun af þessu tagi er yfirleitt nafnlaus.

## Rétturinn til upplýsingaöflunar gegn réttinum til að njóta verndar

Notkun fjölmiðla vekur upp ýmis mannréttindamál á borð við rétt barna til verndar og rétt þeirra til upplýsingaöflunar. Dæmi:

- **Aðgengi og mismunur.** Það hafa ekki allir jafnt aðgengi að netinu og það mun trúlega auka á misrétti meðal barna úr ólíkum þjóðfélagshópum. Hvernig er hægt að mæta þessum vanda og sigrast á honum?
- **Óæskilegt efni og samskipti.** Nýlegar rannsóknir sýna að meira en helmingur ungmenna á aldrinum níu til nítján ára, sem fara á netið minnst einu sinni í viku, hafa séð klám þar og yfirleitt án þess að ætla sér það. Sumum finnst það viðbjóðslegt eða ofbýður það sem þeir sjá, og það sama gildir um annað óæskilegt efni, svo sem ofbeldismyndir eða vefsíður sem sýna tilteknum hópum fólks vanvirðingu. Hvernig ber að taka á þessu? Að hve miklu leyti myndi eftirlit með aðgengi barna að fjölmiðlum brjóta í bága við rétt þeirra til upplýsingaöflunar? Eða rétt annars fólks til að tjá sig?



- **Nýtt net- og upplýsingalæsi.** Krakkar líta venjulega á sig – og fullorðnir líta einnig á þá – sem meiri sérfræðinga en foreldra sína í netnotkun, og þeir fá þannig meira sjálfstraust og ákveðinn sess innan fjölskyldunnar. Engu að síður skortir flest börn reynslu og dómgreind til að leggja rétt mat á efni og heimildir, finna og fara rétt með upplýsingar eða nota þær í samskiptum. Hvernig væri hægt að fræða börn og fullorðna um hvernig nýta má þessa miðla á mismunandi hátt eftir þörfum?<sup>3</sup>

---

**SPURNINGAR:** *Hvernig hefur þú skipulagt notkun netsins og annarra miðla þannig að börnin fái sem mestan aðgang að upplýsingum og fróðleik? Hvernig verndarðu þau fyrir óæskilegu efni og misnotkun á netinu?*

---

## Fræðsla um fjölmiðla

Ein leið til að leysa úr þessum vanda er að kenna börnum að vera glöggskyggjari og gagnrýnni á það efni og möguleika sem í boði eru. Fræðsla um hina ýmsu miðla miðar að því að öll börn – og allir notendur, eftir því sem hægt er – geri sér grein fyrir því hve mikilvægir og valdamiklir þeir eru orðnir. Meðal þess sem felst í slíkri fræðslu er að gera börnum ljóst hvað þau eru að horfa á og hvaða áhrif það geti haft á þau. Til dæmis mætti biðja þau að telja hve oft þau horfa upp á ofbeldi á tilteknu tímabili eða að skilgreina áhrifamátt auglýsinga og velta fyrir sér hvernig koma megi sömu upplýsingum til skila á mismunandi hátt, þannig að þau skilji að hægt sé að skapa mismunandi upplifun af veruleikanum.

Á undanförunum fimm tíu árum hefur fjölmiðlafræðsla snúist um þrjú áhersluatriði:

- **„Bólusetningaraðferðina“**, sem miðar að því að gera börn ónæg fyrir áhrifum fjölmiðla.
- **Gagnrýnisaðferðina**, sem miðar að því að proska dómgreind barna gagnvart neikvæðu efni í fjölmiðlum.
- **Afkóðunaraðferðina**, þar sem gengið er út frá því að fjölmiðlar séu ómissandi ef hægt á að vera að skilja heiminn nú á dögum, miðað er að því að opna augu barna fyrir hinu efnahagslega og félagslega samhengi milli framleiðslu efnis og áhorfs og því hvernig skilaboð eru dulköðuð.<sup>4</sup>

Greina má breytingu á viðhorfi til barna sem fjölmiðlaneytenda í þessu ferli, í fyrstu er litið á barnið sem viðkvæman einstakling en síðan sem virkan þátttakanda.

Jafnframt því sem upplýsinga- og samskiptatæknin, einkum netið, hefur þróast hafa bæði kostir og gallar hins aukna aðgengis að þessum miðlum tekið breytingum. Netið er frábær vettvangur til að afla sér hvers kyns upplýsinga og til að hafa samskipti við aðra. Þó er engin trygging fyrir því að þær upplýsingar sem þar er að finna séu réttar eða að samskipti fari ekki fram í vafasömum tilgangi.

Fræðsla um þessa miðla þarf því að vera í takt við tímann og efla gagnrýna hugsun barna og skilning þeirra á þessu völduga tæki. Einnig þarf hún að stuðla að því að börn komi hugmyndum sínum betur á framfæri; þau þurfa að fá tækifæri til að nota og fræðast um ýmsa miðla, meðal annars netútgáfu, útvarp og sjónvarp, vefsvæði og blogg. En ekki er síður mikilvægt að hinir fullorðnu sem vinna með börnum fræðist um þessa miðla. Foreldrar, kennarar og leiðbeinendur ættu að gefa sér tíma til að kynna sér þá og fylgjast með því sem börnin eru að gera og hvernig samskipti þau hafa sín á milli.

Evrópuráðið hefur lagt fram eftirfarandi tillögu varðandi fjölmiðlafræðslu:

*Þar sem ljóst er að hinir nýju upplýsinga- og samskiptamiðlar bjóða heim hættunni á að skaði hljótist af vegna efnis eða framferðis, sem er þó ekki í öllum tilvikum ólöglegt en getur valdið börnum andlegri og líkamlegri vanlíðan, svo sem netklám, upphafin lýsing í máli og myndum af ofbeldi og sjálfsmeiðingum, niðurlægjandi, óréttlát eða fordómafull framkoma eða afsökun fyrir slíkri hegðun, hvatning til óhæfuverka, einelti og hvers kyns áreitni ... mælir [Evrópuráðið] með því að aðildarríkin komi á ... samfelldri áætlun um upplýsingalæsi og þjálfun sem skal vera*



börnum og kennurum þeirra hvatning til að nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni og þjónustu á sem jákvæðastan hátt ...<sup>5</sup>

Skrifstofa Evrópuráðsins sem fer með málefni fjölmiðla stendur fyrir verkefni sem gengur út á að börn, foreldrar þeirra og kennarar geti aflað sér þeirrar kunnáttu og færni sem „upplýsingasamfélagið“ krefst. Í ritinu *The Internet Literacy Handbook: A guide for parents, teachers and young people*, sem gefið er út á vegum ofangreindrar skrifstofu er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um hið flókna net upplýsinga og samskipta.<sup>6</sup>

## Mikilvægir mannréttindasamningar

### Evrópuráðið

Í **Mannréttindasáttmála Evrópu** er kveðið á um rétt sérhvers manns til að taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum án afskipta stjórnvalda (10. grein). Þessi réttur gildir um börn jafnt sem fullorðna, með þeirri undantekningu að börn eiga rétt á vernd gegn því að vera gerð að áhorfendum eða fórnarlömbum óviðeigandi ofbeldis- eða klámefnis í fjölmiðlum. Þetta er viðurkennt í sáttmálanum með þeim orðum að meðal skyldu og ábyrgðar sem fylgi þessum rétti sé að vera „til verndar heilsu eða siðgæði manna“. Þó er ekki tilgreint hvernig eða hver ákveði hvað sé „óviðeigandi“.

Í 9. grein **Samnings Evrópuráðsins um tölvubrot** er fjallað um afbrot sem tengjast barnaklámi og kveðið á um að aðildarríki skuli innleiða „lagalegar aðferðir sem og annars konar aðferðir til að hvers kyns notkun á tölvum sem tekur til barnakláms verði gerð saknæm“.

### Sameinuðu þjóðirnar

Rétturinn til upplýsingaöflunar felur í sér grundvallarmannréttindi sem lögleidd eru í 19. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar:

*Allir skulu frjálssir skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur sá réttur í sér frelsi til að hafa skoðanir óáreittur og að leita, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra.*

Þegar Mannréttindayfirlýsingin var samin árið 1948 datt auðvitað engum í hug að netið ætti eftir að koma til sögunnar. Jafnvel árið 1989, þegar **Barnasáttmálinn** var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna var óhugsandi að netið yrði notað af öllum almenningi, hvað þá börnum. Þó er athyglisvert að í Barnasáttmálanum sé skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi og upplýsingafrelsi skipt niður í þrjár greinar, þar sem lögð er áhersla á hvert einstakt atriði: Í 12. grein er börnum tryggður réttur til að láta í ljós skoðanir og að tillit skuli tekið til skoðana þeirra; 14. greinin kveður á um að réttur barns til frjálstrar hugsunar, sannfæringar og trúar skuli virtur. 13. greinin inniheldur yfirlýsingu um rétt hvers barns til að tjáningarfrelsis og upplýsingaöflunar:

*Barn á rétt til að láta í ljós skoðanir sínar, og felur það í sér rétt til að leita, taka við og miðla hvers kyns vitneskju og hugmyndum, án tillits til landamæra, annaðhvort munnlega, skriflega eða á prenti, í formi lista eða eftir hvers kyns öðrum leiðum að vali þess.*

Þessi grein heimilar barninu þó ekki ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum. Til mótvægis eru varnaglar á borð við vernd gegn misnotkun (19. og 36. grein), einkum kynferðislegri misnotkun (19. og 34. grein). Einnig eru í sáttmálanum ákvæði um **vaxandi þroska** barnsins, svo að það sem óviðeigandi er fyrir barn í grunnskóla kann að vera ásættanlegt ef unglingur á í hlut. Eins og gildir um ýmis réttindamál er oft togstreita milli frelsis og verndar sem huga þarf að og komast að samkomulagi um. Ávallt skulu þó hagsmunir barnsins hafðir í fyrirrúmi.



---

## Gagnlegar heimildir

- *Family Guide to the Internet*: Barnardos' National Children's Resource Centres, 2004.
- Gentile, Douglas A. og Walsch, David A., „A normative study of family media and habits“ í *Applied Developmental Psychology* 23 (2002) 157-178: National Institute on Media and the Family, 2002: [www.mediafamily.org/research/index.shtml](http://www.mediafamily.org/research/index.shtml)
- Frau-Meigs, Divina, Council of Europe Pan-European Forum on Human Rights in the Information Society: Empowering children and young people: Evrópuráðið, 2006: [www.euro.who.int/document/mediacentre/fs0203e.pdf](http://www.euro.who.int/document/mediacentre/fs0203e.pdf)
- Linddal Hansen, Birthe, Consumer children 2016, Evrópuráðið, 2006: [www.coe.int/t/e/human\\_rights/media/links/events/1Forum2006YerevanFuturist\\_en.asp#TopOfPage](http://www.coe.int/t/e/human_rights/media/links/events/1Forum2006YerevanFuturist_en.asp#TopOfPage)
- Livingstone, Sonia og Bober, Magdalena, UK Children Go Online: Final report of key project findings: Economic and Social Research Council, 2005: [http://news.bbc.co.uk/1/shared/bsp/hi/pdfs/28\\_04\\_05\\_childrenonline.pdf](http://news.bbc.co.uk/1/shared/bsp/hi/pdfs/28_04_05_childrenonline.pdf)
- Masterman, Len og Mariet, François, L'éducation aux Média dans l'Europe des Années 90: un guide pour les enseignants: Evrópuráðið, 1994.
- Piette, Jacques, Education aux Média et Fonction Critique: L'Harmattan, Paris, 1996.
- *Recommendation Rec (2006) 12 of the Committee of Ministers to Member States on Empowering Children in the New Information and Communications Environment*: Council of Europe, 2006: <http://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=1041181&BackColourInternet=9999CC&BackColourIntranet=FFBB55&BackColourLogged=FFAC75>
- Richardson, Janice, ritstj., The Internet Literacy Handbook: A guide for parents, teachers and young people, 2nd Edition: Strassborg, Evrópuráðið, 2006: [www.coe.int/T/E/Human\\_Rights/Media/hbk\\_en.html](http://www.coe.int/T/E/Human_Rights/Media/hbk_en.html)
- O'Connell, Rachel og Bryce, Jo, Young people, well-being and risk on-line, Evrópuráðið, 2006: [www.echr.coe.int/Library/DIGDOC/DG2/H\\_INF/COE-2006-EN-H\\_INF\(2006\)5.pdf](http://www.echr.coe.int/Library/DIGDOC/DG2/H_INF/COE-2006-EN-H_INF(2006)5.pdf)

---

## Gagnleg vefsvæði

- Evrópusáttmálinn um fjölmiðlalæsi: [www.euromedialiteracy.eu/index.php](http://www.euromedialiteracy.eu/index.php)
- The National Centre for Technology in Education: [www.ncte.ie/Internetsafety](http://www.ncte.ie/Internetsafety)
- National Institute for Media and the Family: [www.mediafamily.org/index.shtml](http://www.mediafamily.org/index.shtml)
- Media Wise Trust: [www.mediawise.org.uk](http://www.mediawise.org.uk)

---

## Tilvísanir

- 1 *Recommendation Rec (2006) 12 of the Committee of Ministers to Member States on Empowering Children in the New Information and Communications Environment*: Council of Europe, 2006: <http://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=1041181&BackColourInternet=9999CC&BackColourIntranet=FFBB55&BackColourLogged=FFAC75>
- 2 Douglas A. Gentile og David A. Walsch, „A normative study of family media and habits, National Institute on Media and the Family“, *Applied Developmental Psychology* 23 (2002), bls. 174.
- 3 Livingstone, Sonia og Bober, Magdalena, UK Children Go Online: Final report of key project findings: Economic and Social Research Council, 2005.
- 4 Masterman, Len, og Mariet, François, L'éducation aux Média dans l'Europe des Années 90: Evrópuráðið, 1994.
- 5 Tilmæli nr. (2006) 12 frá ráðherranefnd Evrópuráðsins til aðildarríkjanna um að styðja og styrkja börn í hinu nýja upplýsinga- og samskiptaumhverfi: Evrópuráðið, 2006: <http://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?id=1041181&BackColourInternet=9999CC&BackColourIntranet=FFBB55&BackColourLogged=FFAC75>
- 6 Richardson, Janice, ritstj., The Internet Literacy Handbook: A guide for parents, teachers and young people, 2. útgáfa: Strassborg, Evrópuráðið, 2006.

